

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	15.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Marek	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í fyrirvaralausá eftirlitinu voru sett fram eitt frávík frá starfsleyfi og reglugerðum.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun fór í samræmi við 5. mgr. 57.gr reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit í fyrirvaralaust eftirlit vegna kvörtunar sem barst stofnuninni þann 9. ágúst 2023 í gegnum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Í kvörtuninni komu fram áhyggjur vegna losunar frá starfsemi í sjó.

Umhverfisstofnun fór í fyrirvaralaust eftirlit með losun starfsemi í sjó þann 15. ágúst 2023. Á staðnum var rætt við Marek sem sýndi starfsmönnum stofnunarinnar hauggeymslurnar á svæðinu og lækinn sem rennur frá eldishúsum og niður í sjó.

Í eftirlitinu kom fram að útrás er niður í sjó, ekki var þó hægt að sjá hvaðan hún kemur eða hvort rennsli er um hana. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er um drenlögn að ræða frá tönkunum, umhverfis búið og gílinu. Einnig var að sjá mikinn vökva í kringum neðri hauggeymsluna. Sýni var tekið af vökvanum í kringum neðri tankinn ásamt vatni úr læknum rétt áður en hann rennur út í sjó.

Niðurstaða sýnatökunnar var að sýnið sem tekið var við neðri hauggeymsluna innihélt 4400 kólígerla/100ml og 2500 hitaþolna kólígerla/100ml og sýnið sem tekið var úr læknum innihélt 8700 kólígerlar/100ml og 870 hitaþolna kólígerlar/100ml.

Þessar niðurstöður eru langt yfir umhverfismörkum fyrir ástand vatns sem settar eru í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns sem bendir til þess að mykja berist frá starfsemi og tankinum út í umhverfið.

Í bréfi frá rekstraraðila kemur fram að um skemmdarverk hafi verið að ræða sem olli því að mykja rann úr lögn út í umhverfið. Rekstraraðila hafi hinsvegar láðst að upplýsa Umhverfisstofnun um mengunarsýsið. Í bréfinu kom jafnframt fram að umhverfi mykjutanksins hafi verið hreinsað og stíflan á lögninni fjarlægð.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

gr. 6.1 í starfsleyfi og 2. mgr. 40. gr. í lögum Ef frávík verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.10.2023



Kristín Kröyer

